

Tillaga að REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Ís 47 ehf.
Kennitala: 650603-3030
Aðsetur: Hafnarbakka 6
425 Flateyri
Starfsstöð: Önundarfjörður
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1109
Leyfið gildir til: xx.xx.2036

<u>Starfsemi:</u>	<u>Í gildi frá:</u>
AE 3 - Regnbogasilungur / Oncorhynchus mykiss	xx.xx.2020
AE 4 - Þorskur / Gadus morhua	xx.xx.2020

Kynslóðaskipt sjókvíeldi í Önundarfirði. Hámarks lífmassi 1.000 tonn. Regnbogasilungur: Danmörk. Þorskur: Villtur.

<u>Svæði</u>	<u>Punktar</u>
A	1. 66° 03.050'N 23° 36.000'W, 2. 66° 03.300'N 23° 35.400'W, 3. 66° 02.723'N 23° 33.358'W, 4. 66° 02.445'N 23° 34.082'W,
B	1. 66° 04.267'N 23° 44.410'W, 2. 66° 04.787'N 23° 43.976'W, 3. 66° 04.389'N 23° 41.982'W, 4. 66° 03.886'N 23° 42.741'W,

Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirliggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Rekstrarleyfið er bundið við, komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila, að leyfishafi lýsi yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldíssvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af umhverfisaðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggilti skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldis dýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis